



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn um sértækar aðgerðir fyrir efnalítið fólk og niðurgreiðslu sálfræðipjónustu vegna barna

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst þann 10. október 2022, um lista yfir sértækar aðgerðir fyrir efnalítið fólk og niðurgreiðslu sálfræðipjónustu vegna barna. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Verðbólga mælis nú 6,0 prósent og hefur ekki verið hærrí á áratug. Þetta má að mestu rekja til skorts og vöntunar á húsnæði, hagkvæmu húsnæði í Reykjavík. Þetta hefur leitt til þess að nýlega hækkðu stýrivextir úr 2 í 2,75%. Allt þetta mun hafa áhrif á kaupmátt fólks og mun harðna í dalnum hjá fjölmörgum. Nú er Samfylkingin stærsti flokkurinn í meirihluta. Flokkurinn hefur lengi gefið sig út fyrir að standa fyrir jöfnuð. Allavega talar þingflokksformaður Samfylkingarinnar iðulega um að það sé óboðlegt að börnum sé mismunað eftir efnahag foreldra. Vísað er hér til Barnasáttmálans en í honum er tíunduð réttindi barna. Skýrasta dæmið um mismunun er að þeir efnameiri og efnamiklu geta farið með börn sín á t.d. sálfræðistofur út í bæ á meðan börn hinna fátæku og efnaminni þurfa að dúsa á biðlistum eftir fagþjónustu sálfræðinga, talmeinafræðinga og fleira fagfólki. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir lista yfir hvaða sértæku aðgerðir eru í gangi til að létta undir með fátæku fólki og efnalitlu? Spurt er einnig hvort greiða á fyrir sálfræðipjónustu barna efnaminni foreldranna á einkareknum stofum þar sem biðlisti barna eftir þjónustu skólanna er yfir 1800?“

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki yfirlit yfir þær aðgerðir sem spurt er um í fyrirspurninni og leitaði eftir upplýsingum hjá velferðarsviði þar sem skólaþjónusta sálfræðinga heyrir undir málefni sviðsins. Eftirfarandi er svar velferðarsviðs.

Hvaða sértæku aðgerðir eru í gangi til að létta undir með fátæku fólki og efnalitlu?

Á fundi velferðarráðs þann 24. febrúar 2021 voru samþykktar veigamiklar breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg þar sem foreldrum sem þurfa á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda er tryggð fjárhagsaðstoð til greiðslu á leikskólagjöldum, frístund, skólamáltíðum og hjá dagforeldrum, sbr. 10. gr. reglnanna.

Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum



leikskóla. Foreldri sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum fær sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn með lögheimili og á framfæri foreldris sem er í daggæslu í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Miðað er við að aðstoðin nemi sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir átta stundir á leikskólum Reykjavíkurborgar. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.

Um er að ræða aðstoð við allra tekjulægstu hópa foreldra barna í Reykjavík.

Í október 2022 samþykkti borgarráð tillögu velferðarráðs frá 5. október 2022 um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings.

Reykjavíkurborg hefur ráðist í aðrar aðgerðir sem skilgreina má sem almennari en koma eigi að síður þeim tekjulægstu til góða. Þann 30. júní samþykkti borgarráð tillögu menningar-íþróttá- og tómstundasviðs hækkun á frístundastyrk en tillagan fól í sér að frístundastyrkurinn hækkar um 50% fyrir hvert barn og verður 75.000 kr. á ári. Hækkunin tekur gildi 1. janúar 2023. Á sama fundi var samþykkt tillaga um að frítt verði í sund fyrir börn á grunnskólaaldri frá og með 1. ágúst 2022.

Reykjavíkurborg styrkir jafnframt ýmis frjáls félagasamtök til að mæta hópi þeirra tekjuminnstu t.d. Hjálpræðisherinn, Samhjálp, Hjálpastarf kirkjunnar, Pepp (félag fólks í fátækt).

Á að greiða fyrir sérfræðipjónustu barna efnaminustu foreldranna á einkareknum stofum þar sem biðlisti barna eftir þjónustu skólanna er yfir 1800?“

Á biðlista eftir frekari þjónustu skólapijónustunnar eru þann 1. október 2022 eru 1.126 börn.

Á fundi borgarráðs þann 21. júní 2021 var samþykkt tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum COVID-19 á börn og unglinga eða alls 140 m.kr. vegna verkefnisins. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Áætlað var að fjárveitingin dygði til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili.

Fjármagninu hefur að hluta til verið ráðstafað m.a. til kaupa á þjónustu gegnum verktöku, námskeiða og greiðslu launa vegna tímabundinnar ráðningar. Foreldrar bera engan kostnað af aðkeyptri þjónustu en markmiðið hefur verið að þjónusta börn sem beðið hafa sem lengst eftir þjónustu og þá óháð tekjustöðu foreldra.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.